



Fundargerð Stjórnarfundur nr.56

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, fimmtudaginn 15. maí 2014, kl. 13.00.


Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Fannar J. Viggósson, starfsmaður Norðurár bs. og Gunnar Svavarsson frá Eflu verkfræðistofu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Framlag í framtíðarsjóð.
3. Aðstöðuhús.
4. Urðun sláturúrgangs.
5. Útstreymisskýrsla.
6. Önnur mál

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Framlag í framtíðarsjóð.
Umræður um framtíðarsjóð félagsins. Urðunargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við urðunina, frágang svæðisins að urðun lokinni og vöktun næstu 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.
Gunnar Svavarsson frá Eflu - verkfræðistofu fór yfir þær aðgerðir sem fara þarf í við lokun staðarins svo og vöktun og eftirlit. Gunnar listaði upp þann kostnað, sem er þessu samfara og gerir ráð fyrir að leggja þurfi 1 milljón króna á ári héðan í frá í sjóð, til að standa undir þessum skuldbindingum.
3. Aðstöðuhús.
Gunnar Svavarsson fór yfir möguleika á byggingu húss fyrir viðhald og meðhöndlun úrgangs í miklum vindi. Samþykkt að Gunnar taki saman minnisblað um mögulegar lausnir vegna losunar á í roki og þá helst einhverskonar skýli niður í hólfinu sjálfu.
4. Urðun sláturúrgangs.
Rætt um urðun sláturúrgangs og vandamál vegna þess. Drenkerfi urðunarhólfsins stíflast vegna frárennslis frá sláturúrganginum. Ljóst er að kröfur félagsins um þurrefnisinnihald sláturúrgangsins eru ekki uppfylltar af hendi sláturleyfishafa. Aðstæður skoðaðar og möguleg staðsetning á brunni til losunar á afrennsli frá hólfinu fyrir sláturúrganginn.
Samþykkt að Gunnar og Fannar skoði þessi mál áfram.



Norðurá bs

**Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.**

5. Útstreymiskýrsla.
Gunnar upplýsti fundarmenn um vinnu við útstreymiskýrslu, sem skila þarf í tengslum við grænt bókhald.

6. Önnur mál
Önnur mál engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.15
Fundargerð ritaði Gísli Árnason